

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2022  
UST202206-215/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun - Vegstokkur á Sæbraut. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun. Fyrirhugað er að leggja Sæbraut í stökk á 1 km löngum kafla frá Vesturlandsvegi norður fyrir Kleppsmýrarveg.

Umhverfisstofnuin telur að þótt jarðgöng teljist ekki fýsilegur kostur á þessum stað þá telur Umhverfisstofnun að skoða eigi þann valkost því jarðgöng þurfa ekki endilega að fylgja núverandi veglínu og hafa þann kost að truflanir á umferð verða oftast lítil og vandséð er hvernig þeim fjölda bíla sem um Sæbrautina fara daglega verði beint meðan á framkvæmdum stendur þannig að ekki verði verulegar tafir vegfarenda og aukin slysaætta.

Umhverfisstofnun vill benda á að til þessa hefur verið tregða hjá Reykjavíkurborg og Vegagerðinni að ráðast í gröft jarðganga eða skoða slíka kosti af alvöru þegar um sambærilegar framkvæmdir er að ræða á Höfuðborgarsvæðinu og má þar benda á jarðgöng sem tengja áttu Sæbrautina og Landspítalann en voru slegin af.

Umhverfisstofnun telur að þegar fjallað verður um aðrar sambærilegar framkvæmdir á Höfuðborgarsvæðinu eigi jafnan að fjalla um jarðgöng sem valkost.

Bent skal á að framkvæmdir við götu sem kallast Litlahlíð milli Lönguhlíðar og Bústaðavegar sem er um 100 m löng þar hefur framkvæmd sem er umtalsvert minni en sú sem hér um ræðir reynst nokkuð snúnari í framkvæmd en ætlað var og er framkvæmdin þegar komin nokkuð umfram áætlaðan verktíma.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*